

Ed.

39. Frumvarp til laga

[39. mál]

um framkvæmd fyrir mæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Með lögum þessum heimilar Alþingi ríkisstjórninni að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur, samkvæmt 41. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sbr. og 39. gr. sáttmálans, og Íslandi kann að vera skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum.

2. gr.

Hver sá, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, eða fyrir mæla, sem sett eru eftir þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með auglýsingu, hvort og hvenær ákvæðum heimildarlaga þessara skuli beitt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ísland gerðist aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 19. nóvember 1946, samkvæmt ályktun Alþingis hinn 25. júlí 1946.

Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum skapar ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar í samræmi við ákvæði sáttmálans. Er nauðsynlegt, að ríkisstjórninni sé jafnan heimilt að gera ráðstafanir, sem miða að því að uppfylla þær skuldbindingar, þegar nauðsyn krefur. Þar sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna, eða samþykktir stofnana þeirra, binda ekki einstaka þegna hins íslenska ríkis, er nauðsynlegt, að í lögum sé heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að verða við þeim þjóðréttarlegu skyldum, sem sáttmálinn skapar aðildarríkjunum á nánar tilteknum sviðum og láta slíkar samþykktir og fyrirmæli taka gildi að ríkisrétti.

Um 1. gr.

Í VII. kafla sáttmálans er fjallað um aðgerðir vegna ófriðarhættu, friðrofa og árása. Í 41. gr. er svo fyrir mælt, að Öryggisráðinu sé heimilt að ákveða, hvaða aðgerðir, aðrar en hernaðaraðgerðir, skuli viðhafðar til þess að framfylgja ákvörðunum þess, og getur það hvatt aðila hinna Sameinuðu þjóða til þess að beita slíkum aðgerðum. Aðgerðir þessar mega vera fólgnaðar í því að slíta viðskiptasambandi að nokkru eða öllu leyti og rjúfa samgöngur með járnbrautum, á sjó, í lofti, einnig póst-, síma- og loftskeyttasamband, og slíta stjórnmalasambandi.

Í 39. gr. sáttmálans er greint, að Öryggisráðið skuli úrskurða, hvort fyrir hendi sé ófriðarhætta, friðrof eða árás, og skuli gera tillögur um, eða ákveða, hvaða ráðstafanir skuli gerðar, í samræmi við 41. gr. sáttmálans og 42. gr. hans, til þess að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi. Eru ákvarðanir Öryggisráðsins, sem teknar eru á grundvelli nefndra greina, bindandi fyrir aðildarríki samtakanna.

Til þess að ofangreindum ákvörðunum Öryggisráðsins megi framfylgja hér á landi skortir heimild í íslenskum lögum. Hefur því ríkisstjórnin lagt fyrir Alþingi ofangreint lagafrumvarp um framkvæmd bindandi fyrirmæla Öryggisráðsins. Með því frumvarpi er ríkisstjórninni veitt heimild til að gefa út nauðsynleg fyrirmæli og reglugerðir til þess að verða við þeim fyrir mælum, sem ráðið kann að beina til aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og þær eru skyldugar, samkvæmt 39. og 41. gr. sáttmálans, að framfylgja.

Öryggisráðið samþykkti í fyrsta sinn frá stofnun Sameinuðu þjóðanna slík bindandi fyrir mæli til aðildarríkjanna þann 16. desember 1966, er ráðið fjallaði um aðgerðir vegna ástandsins í Suður-Rhodesíu.

Þess skal hér getið, að í Svíþjóð var þann 13. maí 1966 samþykkt lagafrumvarp, sem veitir m. a. ríkisstjórninni heimild til þess að láta bindandi fyrir mæli Öryggisráðsins taka gildi í landinu.

Í Danmörku voru samþykkt slík heimildarlög þann 10. maí 1967 og reglugerð varðandi viðskiptabann gegn Suður-Rhodesíu gefin út á grundvelli þeirra 31. maí 1967.

Í Finnlandi hafa verið samþykkt lög, sem veita ríkisstjórninni heimild til þess að láta fyrir mæli Öryggisráðsins varðandi Suður-Rhodesíu taka gildi, og sérstök nefnd vinnur að undirbúningi almennrar heimildarlöggjafar um framkvæmd fyrir mæla Öryggisráðsins í Finnlandi.

Í Noregi hefur frumvarp um slíka heimildarlöggjöf þegar verið samið og lagt fyrir Stórþingið.

Ekki er þörf skýringa við aðrar greinar frumvarpsins.